

Reykjavík, 14. mars 2017
R16020087
5252

Borgarráð

Flóasiglingar - Auglýsingagögn

Óskað er eftir samþykki borgarráðs á meðfylgjandi auglýsingagögnum vegna fyrirhugaðrar ferju milli Reykjavíkur og Akraness. Í áður nefndum auglýsingagögnum er óskað eftir rekstraraðila til að taka að sér tilraunaverkefni um beinar siglingar ferju á milli Reykjavíkur og Akraness.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:
Auglýsing og útboðsgögn um flóasiglingar.

Flóasiglingar

Reykjavíkurborg og Akraneskaupstaður auglýsa eftir rekstraraðila til að taka að sér tilraunaverkefni um beinar siglingar ferju á milli Reykjavíkur og Akraness. Hugmyndir sveitarfélaganna eru þær að á samningstímabilinu sjái rekstraraðili um reglulegar siglingar fyrir á bilinu 50-200 farþega, að lágmarki tvisvar sinnum á dag fram og til baka á milli Akraness og Reykjavíkur. Gert er ráð fyrir að báturinn nái að sigla leiðina á 30-45 mínútum þannig að vel fari um farþega þrátt fyrir sjólag. Ekki er gert ráð fyrir flutningi á vélknúnum farartækjum í þessu verkefni.

Markmið tilraunaverkefnisins er að kanna rekstrargrundvöll reglulegra bátsferða á milli sveitarfélaganna. Rekstraraðili þarf því að gera ráð fyrir því að safna upplýsingum m.a. um samsetningu farþega og aðra tengda rekstrarþætti á fyrirhuguðu samningstímabili.

Útboðsgögn verða aðgengileg á útboðsvef innkaupadeildar Reykjavíkurborgar, utbod@reykjavik.is frá kl. 09:00 17. mars 2017.

Fyrirspurnarfrestur rennur út þann 21. mars 2017 kl. 15:00. Opnunartími tilboða er fyrirhugaður 28. mars 2017.



ÚTBOÐ nr. 13851 Flóasiglingar

Kaupandi:
Reykjavíkurborg og Akraneskaupstaður

Umsjónaraðili útboðs:
Innkaupadeild Reykjavíkurborgar

Mars 2017

EFNISYFIRLIT

ÚTBODSLÝSING	1
1.1 ÚTBODSSKILMÁLAR	1
1.1.1 Almenn lýsing	1
1.1.2 Upplýsingar um umsjónaraðila útboðs	1
1.1.3 Útboðsgögn	1
1.1.4 Skýringar á útboðsgögnum	2
1.1.5 Tungumál	2
1.1.6 Frávikstilboð	2
1.1.7 Fylgigögn með tilboði	2
1.1.8 Gerð, frágangur og afhending tilboða	2
1.1.9 Afturköllun tilboða	3
1.1.10 Opnun tilboða	3
1.1.11 Kröfur um fjárhagslegt hæfi bjóðanda	3
1.1.12 Val á samningsaðila	3
1.1.13 Samþykki tilboðs	3
1.2 ALMENNIR SKILMÁLAR	4
1.2.1 Samningur	4
1.2.2 Verðlagsgrundvöllur	4
1.2.3 Framkvæmd samnings	4
1.2.4 Greiðslur	4
1.2.5 Samskipti á samningstíma	5
1.2.6 Vanefndir og uppsögn	5
1.2.7 Framsal réttinda	5
1.2.8 Skuldskeyting - undirverktakar	5
1.2.9 Lög og reglugerðir	5
1.2.10 Ágreiningsmál	5
2. UM VERKEFNIÐ	7
2.1 ÞJÓNUSTULÝSINGAR BJÓÐENDA	7
2.2 SKIL ÞJÓNUSTULÝSINGAR	7
2.3 MAT TILBOÐA	7
3. TILBOÐSBLAÐ VEGNA MÁLS 13875	1



Útboðslýsing

1.1 Útboðsskilmálar

Í útboðsskilmálum koma fram upplýsingar um innkaupaferlið og þeim reglum sem fylgt verður við framkvæmd innkaupaferilsins. Einnig eru settar fram hæfiskröfur til bjóðenda sem þeim ber að uppfylla fyrir opnun tilboða samkvæmt nánari skilgreiningu.

1.1.1 Almenn lýsing

Reykjavíkurborg og Akraneskaupstaður auglýsa eftir rekstraraðila til að taka að sér tilraunaverkefni um beinar siglingar ferju á milli Reykjavíkur og Akraness. Gert er ráð fyrir að siglingar hefjist í júní 2017 og standi yfir í samræmi við samþykktu þjónustulýsingu en eigi skemur en sem nemur 6 mánuðum á 18 mánaða tímabili frá gildistöku samnings. Hugmyndir sveitarfélaganna eru þær að á tímabilinu sjái rekstraraðili um reglulegar siglingar fyrir á bilinu 50-200 farþega, að lágmarki tvisvar sinnum á dag fram og til baka á milli Akraness og Reykjavíkur. Gert er ráð fyrir að báturinn nái að sigla leiðina á 30-45 mínútum þannig að vel fari um farþega þrátt fyrir sjólag. Ekki er gert ráð fyrir flutningi á vélknúnum farartækjum í þessu verkefni.

Markmið tilraunaverkefnisins er að kanna rekstrargrundvöll reglulegra bátsferða á milli sveitarfélaganna. Rekstraraðili þarf því að gera ráð fyrir því að safna upplýsingum m.a. um samsetningu farþega og aðra tengda rekstrarþætti á fyrirhuguðu samningstímabili.

Útboðsyfirlit og helstu dagsetningar

- EES útboð: Nei.
- Tegund útboðs: opið.
- Fyrirspurnarfrestur útrunninn: kl. 15:00 21. mars 2017
- Svarfrestur útrunninn: kl. 23:00. 23. mars 2017.
- Opnunartími tilboða: **kl. 14:00 28. mars 2017**
- Opunarstaður tilboða er: Borgartún 12-14, 105 Reykjavík
- Tilboð skulu gilda í 8 vikur eftir opnun þeirra.

1.1.2 Upplýsingar um umsýjaraðila útboðs

Innkaupadeild Reykjavíkurborgar	Sími:	411 1042 / 411 1043
Borgartún 12-14	Útboðsvefur:	http://utbod.reykjavik.is
105 Reykjavík	Netfang:	utbod@reykjavik.is
Ísland	Vefsíða:	http://reykjavik.is/utbod

1.1.3 Útboðsgögn

- Útboðslýsing nr. 13875
- Tilboðsblað
- Viðaukar sem sendir eru út á tilboðstíma af innkaupadeild



1.1.4 Skýringar á útboðsgögnum

Óski bjóðandi eftir nánari upplýsingum eða frekari skýringum á útboðsgögnum eða hann verður var við ósamræmi í þeim, sem getur haft áhrif á tilboðsfjárhæðina, skal hann þá senda innkaupadeild skriflega fyrirspurn með hæfilegum fyrirvara miðað við eðli fyrirspurnar eða í síðasta lagi fyrir tilgreindan fyrirspurnarfrest.

Fyrirspurnin skal merkt númeri útboðsins og send í gegnum útboðsvef innkaupadeildar <http://utbod.reykjavik.is/>

Viðbótarupplýsingar og viðaukar við útboðsgögn verða birtar bjóðendum á útboðsvef innkaupadeildar.

1.1.5 Tungumál

Tilboðum og umbeðnum fylgigögnum skal skilað á íslensku.

1.1.6 Frávikstilboð

Óheimilt er að gera frávikstilboð.

1.1.7 Fylgigögn með tilboði

Eftirfarandi gögn skulu fylgja með tilboði.

A. Almennar upplýsingar

- Almennar upplýsingar um uppbyggingu fyrirtækisins, stjórn og helstu stjórnendur.

B. Upplýsingar er varða verkefnið

- Greinargerð bjóðenda sem metin verður sbr. grein 2.3.
- Útfyllt og undirritað tilboðsblað.
- Upplýsingar um þann bátakost sem bjóðandi hyggst leggja til verkefnisins.

C. Upplýsingar um hæfi bjóðanda

- Upplýsingar frá viðkomandi yfirvaldi um skuldleysi við hið opinbera.
- Upplýsingar frá viðkomandi lífeyrissjóðum um skil á lífeyrissjóðsiðgjöldum.

Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til að kalla eftir upplýsingum sem varða verkefnið.

Lögð er rík áhersla á að bjóðendur skili inn umbeðnum gögnum með tilboðum sínum. Geri þeir það ekki, kann það að valda ógildingum tilboðs.

1.1.8 Gerð, frágangur og afhending tilboða

Tilboð skulu sett fram samkvæmt tilboðsskrá, tilboðsblaði og fyrirmælum á útboðsvef innkaupadeildar. Bjóðendur skulu í tilboðum sínum gera ráð fyrir öllum kostnaði sem þeir skulu bera samkvæmt þessum gögnum.

Fylla skal út verðtilboð í alla liði tilboðsskrár að öðrum kosti kann tilboð að vera metið ógilt.

Tilboði ásamt umbeðnum gögnum skal skila með rafrænum hætti á útboðsvef innkaupadeildar: <http://utbod.reykjavik.is/>. Ekki er hægt að skila inn tilboðum eftir að uppgefinn tilboðsfrestur er útrunninn.



Kaupandi áskilur sér rétt til að hafna þeim tilboðum, sem ekki eru sett fram samkvæmt útboðsgögnum þessum.

1.1.9 Afturköllun tilboða

Bjóðandi getur afturkallað tilboð sitt á útboðsvef innkaupadeildar áður en tilboð eru opnuð.

1.1.10 Opnun tilboða

Opnun tilboða fer fram með rafrænum hætti á útboðsvef innkaupadeildar Reykjavíkurborgar. Tilboð verða opnuð eftir að tilgreindur tilboðsfrestur rennur út í viðurvist þeirra er þess óska. Óski bjóðendur eftir því að vera viðstaddir opnunarfund skulu þeir tilkynna innkaupadeild Reykjavíkurborgar um það í gegnum útboðsvef innkaupadeildar með a.m.k. þriggja daga fyrirvara. Fundargerð opnunarfundar verður birt á vef innkaupadeildar eftir að tilboð verða opnuð.

Við opnun tilboða verða lesin upp nöfn bjóðenda.

1.1.11 Kröfur um fjárhagslegt hæfi bjóðanda

Bjóðandi skulu uppfylla öll skilyrði hér að neðan og framvísa gögnum því til stuðnings. Hæfi bjóðanda verður metið á grundvelli þeirra upplýsinga sem þeir senda inn með tilboðum sínum, svo og annarra þeirra upplýsinga sem Reykjavíkurborg kann að óska eftir.

- Bjóðandi skal ekki skulda opinber gjöld
- Bjóðandi skal vera í skilum með lífeyrissjóðsiðgjöld

Kaupandi áskilur sér rétt til að sannreyna allar upplýsingar sem hér um ræðir.

Við mat á hæfi bjóðenda verður miðað við opnunartíma tilboða. Mikilvægt er að innsendar yfirlýsingar þar til bærri aðila séu dagsettar fyrir opnunartíma tilboða.

1.1.12 Val á samningsaðila

Kaupandi mun taka hagkvæmasta tilboði. Hagkvæmasta tilboð telst það tilboð er hlýtur flest stig skv. matslíkani.

1.1.13 Samþykki tilboðs

Tilboð verður samþykkt skriflega innan gildistíma þess og telst þá kominn á bindandi samningur á grundvelli útboðsgagna og tilboðs bjóðanda.



1.2 Almennir skilmálar

Í almennum skilmálum er kveðið á um skyldur og réttindi samningsaðila eftir að kominn er á bindandi samningur að loknu innkaupaferli, eftir að tilboð hefur verið endanlega samþykkt af kaupanda.

1.2.1 Samningur

Samningur um flóasiglingar mun að hámarki gilda út árið 2018. Að lágmarki skal rekstraraðili framkvæma samning þennan í 6 mánuði samfleytt frá upphafi siglinga 2017.

Heimilt er þjóðendum að leggja til lengra tímabil til siglinga og upplýsingaöflunar og verður boðið þjónustutímabil metið skv. matslíkani. Sjá nánari upplýsingar í kafla 2.

1.2.2 Verðlagsgrundvöllur

Fjárhæðir í samningi þessum breytast ekki á samningstímabili.

1.2.3 Framkvæmd samnings

Kaupandi gerir ráð fyrir því að undirbúningur hefjist í kjölfar þess að samningur kemst á og gert ráð fyrir því að siglingar hefjist 1. júní 2017.

Rekstraraðili skal hafa til umráða bát sem uppfyllur kröfur laga og reglugerða varðandi farþegaflutninga á sjó. Báturinn skal geta tekið a.m.k. 50 farþega auk barnavagna og reiðhjóla. Þjóðendur skulu skila inn upplýsingum um þann bátakost sem þeir hyggjast leggja til verkefnisins með tilboðum sínum.

Rekstraraðili skal hafa öll nauðsynleg stafsleyfi til að sinna verkefninu þ.m.t. nauðsynleg starfsleyfi frá Samgöngustofu.

Rekstraraðili skal a.m.k. hafa í gildi lögbundnar tryggingar sem nauðsynlegar eru við framkvæmd samningsins.

Rekstraraðili skal skila kaupendum, mánaðarlega, upplýsingum um magn seldra miða í hverri ferð. Óski kaupandi eftir því skal rekstraraðili taka þátt í því, án endurgjalds, að teknar séu saman frekari upplýsingar um farþega.

1.2.4 Greiðslur

Kaupandi gerir kröfu um að heildarsamningsfjárhæð skiptist jafnt yfir þá mánuði sem rekstraraðili siglir skv. samningi þessum.

Réttur rekstraraðila til greiðslu frá kaupanda er háður því að rekstraraðili hafi siglt samkvæmt samningi og afhent kaupanda upplýsingar um selda miða í liðnum mánuði. Fyrsta greiðsla á sér stað eftir að rekstraraðili hefur framkvæmt samninginn í þrjá mánuði en greitt verður mánaðarlega eftirá að því marki liðnu. Ekki verður greitt fyrir þá mánuði sem rekstraraðili siglir ekki.

Reykjavíkurborg áskilur sér 30 daga greiðslufrest miðað við komudagsetningu reiknings nema að um annað hafi sérstaklega verið samið. Ef reikningur er ekki sendur á réttan stað eða ber ekki með sér nægar upplýsingar til að staðfesta réttmæti hans gildir ekki fyrirheit um greiðslufrest.

Reikninga skal senda á Fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík. Eingöngu er tekið við númeruðum reikningum í frumriti og



telst reikningur gildur ef hann er stílaður á Reykjavíkurborg með rétttri kennitölu og upplýsingum um þá vöru eða þjónustu sem hefur verið veitt, hvaða aðili hefur pantað, á hvaða kostnaðarstað ásamt frumriti innkaupabeidnar. Vegna reikninga á Framkvæmda- og eignasvið verður enn fremur að tilgreina verkbeiðnanúmer. Fylgja þarf staðfesting þess (móttökukvittun á reikning með nafni og kennitölu) sem tekur við vöru eða þjónustu fyrir hönd borgarinnar.

Birgjar sem vilja grennslast fyrir um stöðu reikninga sinna hjá Reykjavíkurborg snúi sér til Fjármálaskrifstofu í síma 4111111 eða tölvupóstfang: bokhald@reykjavik.is.

1.2.5 Samskipti á samningstíma

Þegar kominn er á samningur mun skrifstofa eigna og atvinnuþróunar annast samskipti við seljanda á samningstímanum.

1.2.6 Vanefndir og uppsögn

Rekstraraðili skal í einu og öllu rækja samningsskyldur sínar í samræmi við ákvæði útboðs- og samningsgagna. Vanefni hann þær, er kaupanda heimilt að fella niður greiðslur eða beita öðrum lögformlegum vanefndaúrræðum.

Verði kaupandi fyrir tjóni af völdum vanefnda seljanda er seljandi að fullu ábyrgur fyrir bótum vegna þessa samkvæmt ákvæðum laga.

Leiti seljandi nauðasamninga, greiðslustöðvunar eða sé óskað gjaldþrotaskipta á búi hans eða ef gert er árangurslaust fjárnám hjá honum hvenær sem er á samningstímanum getur kaupandi án frekari fyrirvara sagt samningi upp.

Verði um ítrekaðar eða verulegar vanefndir af hálfu seljanda að ræða getur kaupandi sagt upp samningi án fyrirvara.

1.2.7 Framsal réttinda

Seljanda er óheimilt að framselja eða veðsetja rétt sinn samkvæmt útboði þessu nema með samþykki kaupanda.

1.2.8 Skuldskeyting - undirverktakar

Seljanda er óheimilt, án samþykkis kaupanda, að fela öðrum aðila að ganga inn í eða taka við skyldum í sinn stað, að hluta eða öllu leyti. Feli seljandi undirverktaka að taka að sér einstaka þætti skal tilkynna það kaupanda og breytast í engu skyldur seljanda gagnvart kaupanda.

Seljanda og undirverktaka er óheimilt að gera samning um undirverktöku við einstaka starfsmenn eða starfshópa í þeim tilvikum þar sem um ráðningarsamband er að ræða eða það á við samkvæmt venju og eðli máls.

1.2.9 Lög og reglugerðir

Væntanlegir samningsaðilar skulu lúta í einu og öllu ákvæðum íslenskra laga og reglugerða.

1.2.10 Ágreiningsmál



Rísi ágreiningur út af verkefni því, sem þessi lýsing fjallar um, skal honum vísað til héraðsdóms Reykjavíkur.

2. Um verkefnið

Reykjavíkurborg og Akraneskaupstaður auglýsa eftir rekstraraðila til að taka að sér tilraunaverkefni um beinar siglingar ferju á milli Reykjavíkur og Akraness. Gert er ráð fyrir að siglingar hefjist í júní 2017 og standi yfir í samræmi við samþykktu þjónustulýsingu en eigi skemur en sem nemur 6 mánuðum á 18 mánaða tímabili frá gildistöku samnings. Hugmyndir sveitarfélaganna eru þær að á tímabilinu sjái rekstraraðili um reglulegar siglingar fyrir á bilinu 50-200 farþega, að lágmarki tvisvar sinnum á dag fram og til baka á milli Akraness og Reykjavíkur. Gert er ráð fyrir að báturinn nái að sigla leiðina á 30-45 mínútum þannig að vel fari um farþega þrátt fyrir sjólag. Ekki er gert ráð fyrir flutningi á vélknúnum farartækjum í þessu verkefni.

Markmið tilraunaverkefnisins er að kanna rekstrargrundvöll reglulegra bátsferða á milli sveitarfélaganna. Rekstraraðili þarf því að gera ráð fyrir því að safna upplýsingum m.a. um samsetningu farþega og aðra tengda rekstrarþætti á fyrirhuguðu samningstímabili.

Reykjavíkurborg og Akraneskaupstaður munu leggja til 15 milljónir króna með vsk í verkefnið hvort eða samtals 30 milljónir króna að hámarki. Ekki verður um frekari greiðslur að ræða á grundvelli útboðs þessa.

2.1 Hafnaraðstaða rekstraraðila

Rekstraraðili skal gera ráð fyrir því í tilboði sínu að greiða þurfi fyrir viðlegu eftir gildandi gjaldskrá viðkomandi hafna hverju sinni. Gert er ráð fyrir að hafnaraðstaða verði við flotbryggju til móts við Hörpu við Reykjavíkurborg og við Akraneshöfn.

2.2 Þjónustulýsingar bjóðenda

Bjóðendur skulu skila inn lýsingu á þeirri þjónustu sem þeir munu bjóða upp á. Ef samið verður við bjóðanda í kjölfar útboðs þessa mun innsend þjónustulýsing vera skuldbindandi fyrir samningsaðila og greiðslur háðar framkvæmd boðinnar þjónustu.

2.3 Skil þjónustulýsingar

Skila skal inn þjónustulýsingum á útboðsvef innkaupdeildar utbod.reykjavik.is. Matshópur mun meta innsendar þjónustulýsingar og veita þeim stig skv. neðangreindu matslíkani. Mikilvægt er að greinargerðirnar séu skýrar m.t.t. skuldbindingar þjónustuaðila við framkvæmd verkefnisins. Þjónustulýsingin skal taka mið af því að hámarksgræðslur vegna samningsins eru 30 milljón krónur með vsk. Bjóðendum er heimilt að bjóða ódýrari lausnir og/eða lægri verðtilboð en tilgreind eru hér.

Kaupandi mun taka því tilboði sem hlýtur flest stig úr eftirfarandi matslíkani eða hafna öllum tilboðum.

2.4 Mat tilboða

Matsnefnd á vegum Reykjavíkurborgar mun fara yfir tilboð bjóðenda og veita þeim einkunn í samræmi við neðangreinda þætti. Matsþáttum er raðað eftir vægi. Bjóðendur skulu taka tillit til neðangreindra þátta við gerð



þjónustulýsingar. Mikilvægt er að þjónustulýsingar innihaldi fullnægjandi upplýsingar varðandi neðangreinda þætti. Geri þær það ekki þá áskilur kaupandi sér rétt til að vísa viðkomandi tilboði frá.

1. Boðið einingaverð á mánuði – 40%
 - a. Lægsta einingaverð pr mánuð / boðnu einingaverði * 40 stig.
2. Fjöldi siglingarmánaða – 30%
 - a. Sá bjóðandi sem býður flesta siglingarmánuði hlýtur fullt hús stiga fyrir þennan lið en aðrir hlutfallslega, þ.e. boðnum fjölda siglingamánaða / mesti fjöldi siglingarmánaða * 30 stig.
3. Gæði ferju – 10%
 - a. Við mat á gæðum ferju verður litið til siglingarhraða og aðbúnað fyrir farþega, s.s. salernisaðstöðu, sætum o.sfv. Hljóti bjóðandi 0 stig fyrir þennan lið telst tilboðið ófullnægjandi og verður tilboðinu hafnað.
4. Farmiðaverð – 10%
 - a. Lágt farmiðaverð fyrir reglulega notendur, notendum sem fara að lágmarki 20 ferðir á mánuði, er mikilvægur þáttur í ferjusiglinum á milli Reykjavíkurborgar og Akranes.
5. Siglingatíðni á dag – 10%
 - a. Gert er ráð fyrir að rekstraraðili sigli að lágmarki tvisvar sinnum á dag fram og til baka á milli Akraness og Reykjavíkur. Gerð er krafa um að a.m.k. sé siglt að morgni og í lok vinnudags á virkum dögum auk tveggja ferða fram og til baka aðra daga. Bjóði þjónustuaðili upp á meiri tíðni verður það metið honum til tekna.



3. Tilboðsblað vegna máls 13875

Undirritaður gerir tilboð skv. meðfylgjandi þjónustulýsingu

Upplýsingar um bjóðanda og undirskrift:

Nafn bjóðanda	
Kennitala	
Heimilisfang	
Sími	
Fax	
Tölvupóstfang / netfang	
Tengiliður varðandi tilboð	
Staður og dagsetning tilboðs	
<u>Undirskrift bjóðanda</u>	